



Fundargerð hreppsnefndar 06. október 2016

Fundur nr. 48 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 06. október 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 15.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigurjón H. Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Almenn mál:

a. Drög að gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi
Sveitarstjóri fór nánar yfir drögin, gera þau ráð fyrir nokkrum breytingum frá núverandi gjaldskrá. Lagði síðan til að gjaldskráin yrði afgreidd á næsta fundi sveitarstjórnar og samhljóða samþykkt að lokinni umræðu.

b. Drög að gjaldskrá fyrir Vopnafjarðarhöfn
Sveitarstjóri kynnti drögin og fór síðan fram umræða um þau. Drögin borin upp og þau samhljóða samþykkt.

c. Drög að leigusamningi um Þorbrandsstaði 1 og 2.
Málefnið tekið til umræðu, samhljóða samþykkt að sveitarstjóra verði falið að vinna áfram að málinu.

d. Veljum Vopnafjörð „Minnisblað til sveitarstjórnar“
Sveitarstjóri kynnti málið, stöðu þess og næstu skref.

e. Úthlutun styrks úr húsafriðunarsjóði 2016
Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir verkefninu sem varðar verndun gamallar götumyndar.

f. Finnafjarðarverkefnið
Lagt fram til kynningar.

g. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Sveitarstjóri kynnti málið. Hefur hann þegar svarað erindi úrskurðarnefndar og komið á framfæri sjónarmiðum sveitarfélagsins. Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

h. Afgreiðsla kjörskrár vegna alþingiskosninga 29. október 2016
Bókun vegna afgreiðslu kjörskrár:

„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 29. október nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.“

Samhljóða samþykkt.

2. Fundargerðir:

a. Menningarnefndar dags. 14. september 2016
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b. Hafnarnefndar dags. 27. september 2016
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c. 842. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga
Lagt fram til kynningar.

d. 387. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands
Lagt fram til kynningar.

e. 147. fundar félagsmálanefndar
Lagt fram til kynningar.

f. Vísindaráðs Almannafræðis
Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu
Sveitarstjóri hefur þegar sótt um byggðakvóta fyrir fiskveiðárið 2016/2017.

b. Spyrðu sálfræðinginn- beiðni um styrk
Sveitarstjórn fagnar framtakinu og sveitarstjóra falið að ræða við hlutaðeigendur.

c. Æskulýðsfélagi Hofsprestakalls, Kýrosi
Sveitarstjórn fagnar framtakinu og samþykkir samhljóða styrkbeiðni Kýros og felur sveitarstjóra að svara erindinu viðvirkjandi kvöldopnunar Selárlaugar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 16:21.

[Eylgigögn fundar 061016.pdf](#)